

Mannréttindafrömuðir


„Þetta er hugsjón sem ég vil lifa fyrir og láta verða að veruleika.“ Nelson Mandela

Málefni	Almenn mannréttindi, fjölmiðlar, borgaravítund
Þyngdarstig	Stig 2
Hópstærð	Hver sem er
Tími	60 mínútur
Yfirlit	<p>Í þessu verkefni eru notuð upplýsingaspjöld til að vekja áhuga þátttakenda á mannréttindafrömuðum. Málefni sem fjallað er um eru:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Pólítísk kúgun. • Mannréttindafrömuðir á tuttugustu öld. • Baráttan fyrir réttindum í ýmsum löndum.
Tengd réttindi	<ul style="list-style-type: none"> • Skoðana- og tjáningarfrelsi. • Rétturinn til sanngjarnrar málsmeðferðar. • Rétturinn á því að sæta ekki pyndingum.
Markmið	<ul style="list-style-type: none"> • Að fræðast um nokkra af þeim einstaklingum sem hafa barist fyrir mannréttindum í ýmsum löndum. • Að þróa hæfni í meðferð og flokkun upplýsinga og hæfileika til samvinnu og hópvinnu. • Að efla virðingu, ábyrgðartilfinningu og áhuga á mannréttindum.
Efniviður	<ul style="list-style-type: none"> • Eitt sett með þrjátíu spjöldum á hvern vinnuhóp. • Skæri. • Umslög. • Valfrjálst: lím og stífur pappír til að gera spjöldin endingarbetri.
Undirbúningur	<ul style="list-style-type: none"> • Raðaðu borðum og stólum þannig að þátttakendur geti unnið í litlum hópum. • Taktu ljósrit af spjöldunum þannig að hver hópur fái eitt sett. • Klippu spjöldin út, stokkaðu þau svo að þau séu ekki í röð og settu þau í umslög. Mikilvægt er að halda settunum aðskildum!


Leiðbeiningar

1. Láttu þátttakendur skipta sér í litla hópa (þrjá til fjóra í hverjum) og láttu hvern hóp fá eitt sett af spjöldum.
2. Láttu þá dreifa spjöldunum á hvolfi á gólflið.
3. Segðu þátttakendum að á spjöldunum sé æviágrip sex mannréttindafrömuða. Hóparnir eiga hver fyrir sig að finna hvaða æviatriði eiga við hverja persónu og raða þannig saman stuttri lýsingu á hverri og einni.
4. Útskýrðu fyrir þeim að hver persóna sé sett saman úr „fimm þáttum“ (þ.e. einu A-, einu B-, einu C-, einu D- og einu E-spjaldi).
5. Segðu hverjum hópi að draga til skiptis eitt spjald í einu þar til spjöldin eru bún.


MÁLEFNI



ALMENN MANNRÉTTINDI




FJÖLMIÐLAR




BORGARAVITUND

ÞYNGDARSTIG




STIG 2

HÓPSTÆRÐ



HVER SEM ER

TÍMI



60 MÍNÚTUR

Lykildagsetning**10. desember**Alþjóða mannréttinda-
dagurinn

6. Gefðu þátttakendum nokkrar mínútur til að lesa spjöldin sín í næði.
7. Láttu þá síðan byrja. Leyfðu hverjum hópi að hafa sína aðferð við að koma persónunum saman. Þeir þurfa 15–20 mínútur í þennan hluta.
8. Kallaðu alla þátttakendur saman og láttu fulltrúa eins hópsins gera grein fyrir einni persónunni, með sínum eigin orðum. Haltu svo áfram með hina hópana þannig að gerð sé grein fyrir hverri persónu og allir hóparnir geti fullvissað sig um að þeir hafi sett „bútana“ rétt saman.

Samantekt og mat

1. Hvernig gekk verkefnið og hvaða aðferðir notuðu hóparnir til að raða spjöldunum rétt saman?
2. Hvaða persónur höfðu þátttakendur heyrt um áður og hverjar voru nýjar fyrir þeim? Hvers vegna voru sumar persónurnar betur þekktar en aðrar?
3. Urðu þátttakendur hissa á einhverjum upplýsingum sem þarna komu fram? Hvað þótti þeim áhrifamest?
4. Þátttakendur skulu velja þá tilvitnun sem höfðar best til þeirra: hvernig halda þeir að þeir hefðu brugðist við í sömu aðstæðum og þessi persóna?
5. Til hvaða aðgerða geta menn gripið?

Ábendingar til leiðbeinanda

Til eru gríðarlega miklar upplýsingar um allt þetta fólk og þessar stuttu lýsingar á ævi þeirra gefa mjög yfirborðskennda (og huglæga) mynd. Hundruð annarra baráttamanna hefðu einnig átt skilið að vera á þessum lista – þeir sem hér eru valdir eru aðeins „dæmi“ til að nálgast viðfangsefnið.

Tillögur um framhald

Eindregið er mælt með að þessu verkefni sé fylgt eftir með því að hvetja þátttakendur til að kynna sér aðra mannréttindafrömuði og kynnast þannig því fólk sem í tímans rás hefur lagt sitt af mörkum í baráttunni fyrir mannréttindum. Hópurinn gæti byrjað á því að byggja upp „persónusafn“ yfir mannréttindafrömuði. Byrja má á þeim sex sem eru tilgreindir í þessu verkefni. Hægt er að líma ljósmyndirnar á spjöld ásamt tilvitnununum og æviágripinu og hafa til sýnis í salnum. Biðja má hvern og einn í hópnum leita upplýsinga um fleiri baráttumenn og bæta þeim í safnið. Þeir sex sem hér voru kynntir voru allir baráttumenn á svið borgaralegra og stjórnmálalegra réttinda en einnig mætti hafa baráttumenn fyrir félagslegum og efnahagslegum réttindum með. Í borgaralegu samfélagi eru margvíslegar leiðir til að láta í ljós skoðanir og berjast fyrir réttindum. Til að skoða það nánar er bent á verkefnið „Sköpum tengsl“ á bls. 218.

Hugmyndir um aðgerðir

Þátttakendur gætu aflað sér upplýsinga um pólitíska fanga eða baráttumenn sem nú eru í haldi – til dæmis þá sem Amnesty International hefur flokkað sem „samviskufanga“. Skrifa mætti bréf eða skipuleggja herferð til að upplýsa fólk um tiltekinn fanga og þrýsta á þá sem hlut eiga að máli um að sleppa honum.

Nánari upplýsingar
Gagnleg vefsvæði með upplýsingum um mannréttindafrömuði:

www.speaktruthtopower.org
www.universalrights.net/heroes
www.globalyouthconnect.org
www.hrw.org

Bretlandsdeild Amnesty International hefur gefið út veggspjald sem sýnir mannréttindafrömuði í sögulegu ljósi og hægt er að panta á vefsvæði deildarinnar: www.amnesty.org.uk

EFNI TIL DREIFINGAR

A

„Ég hef barist gegn yfirráðum hvíttra og ég hef barist gegn yfirráðum svartra. Ég hef hlúð að hugsjóninni um lýðræðislegt og frjálst þjóðfélag þar sem allir menn búa saman í sátt og samlyndi og hafa sömu tækifæri. Þetta er hugsjón sem ég vil lifa fyrir og sjá verða að veruleika. En ef þörf krefur er þetta hugsjón sem ég er fús að deyja fyrir.“

Nelson Mandela

B

Fædd/ur í þorpi nálægt Umtata og var kjörin/n fyrsti forseti Suður-Afríku í fyrstu lýðræðislegu kosningunum í landinu þegar hann/hún var 76 ára. Fram að því var líf hans/hennar helgað

C

baráttunni gegn aðskilnaðarstefnunni, kerfinu sem fyrrverandi ríkisstjórn hvíttra notaði til að kúga svarta meirihlutann. Hann/hún sætti kúgun af ýmsu tagi: var mein- aður aðgangur að fundum, neydd/ur til að fara huldu höfði og var loks

D

handtekin/n og dæmd/ur í lífstíðarfangelsi 44 ára að aldri. Hann/hún eyddi næstu 28 árum af ævi sinni innan fangelsisveggja, fjarri fjölskyldu sinni og börnum.

**A**

„Eftir nokkrar sársaukafullar en um leið huggunarríkar heimsóknir kynntist ég því af eigin raun hvernig úr djúpum grimmdarverkanna heyrðist skyndilega hrópað „þetta er mín sök“ og hvernig sjúklingurinn öðlaðist með þessu hrópi aftur réttinn til að segjast vera maður.“

Evgenia Ginzberg

B

Fædd/ur árið 1906 í Rússlandi og dó í Moskvu 1977. Starfaði sem kennari og blaðamaður uns hann/hún var dæmd/ur sem hryðjuverkamaður í sýndarréttar-höldum Stalínsstjórnarinnar. Eyddi 18 árum í

C

vinnubúðum í Síberíu við hryllilegar aðstæður því að hann/hún neitaði að saka aðra um glæpi sem þeir höfðu ekki framið. Dvaldi fyrsta árið í einangrun í rökum klefa og var bannað að hreyfa sig, tala, syngja eða leggjast niður á daginn. Síðar var hann/hún

D

send/ur úr einum vinnubúðum Síberíu í aðrar í refsingarskyni fyrir að hjálpa samfanga. Refsingin fólst í að hann/hún var send í einar af alræmdustu búðunum þaðan sem fáir áttu afturkvæmt á lífi.



©David King Collection

A

„Ég á mér þann draum að dag einn rísi þessi þjóð upp og fái að upplifa þau sannindi sem hún trúir á: „Við teljum þessi sannindi vera augljós: að allir menn séu skapaðir jafnir.“ Ég á mér þann draum að sá dagur muni koma að börnin mín fjögur búi í landi þar sem þau verði ekki dæmd eftir hörundslit sínum heldur mannkostum.“

Martin Luther King

A

„Friðsamleg mótmæli eru sterkasta aflið sem mannkynið hefur yfir að ráða. Þau eru öflugri en öflugasta eyðingarvopn sem maðurinn hefur úthugað með snilli sinni.“
Mahatma Gandhi

B

Fædd/ur í Atlanta í Georgíu árið 1929, þegar lög kröfðust þess að svartir menn notuðu sérstök sæti í strætisvögnum, leikhúsum og kvikmyndahúsum og svöluðu þorsta sínum á öðrum vatnspóstum en hvítir. Þegar hann/hún var 28 ára stofnaði hann/hún með öðrum

B

Fædd/ur árið 1869. Foreldrar hans/hennar voru hindúar og bjuggu í Gujarat, þegar Indlandi var enn haldið með valdi í Breska heimsveldinu. Hann/hún leiddi baráttuna fyrir sjálfstæði og hvikaði aldrei frá staðfastri trú sinni á

C

samtök „svartra kirkna“ sem hvöttu til friðsamlegra fjöldagagna, mótmæla og verkfalla gegn kynþáttaðskilnaði. Samtökin tóku þátt í mótmælum í Birmingham í Alabama þar sem hundruð syngjandi skólabarna

C


friðsamleg mótmæli og umburðarlyndi í trúmálum þótt hann/hún væri margsinnis handtekin/n og stungið í fangelsi. Þegar Indverjar fóru með ofbeldi hver gegn öðrum eða gegn bresku landsstjórninni fastaði hann/hún þar til ofbeldið hætti. Hann/hún leiddi 241 mílu fjöldagönguna yfir Indland og

D

fylltu göturnar til að sýna stuðning. Lögreglan var kölluð til með árásarhunda og slökkviliðsmenn með háþrýst-islöngur. Hann/hún var handtekin/n og stungið í fangelsi.

D

fékk göngumenn til að láta hrottaskap lögreglu og hermanna yfir sig ganga án þess að svara í sömu mynt. Hann/hún eyddi 2338 dögum ævi sinnar í fangelsi. Líf hans/hennar var alla tíð helgað friði.



A

„Við erum ekki að reyna að granda eða tortíma herstjórninni; þeir hóta stöðugt að tortíma okkur ... en tilgangur hreyfingar okkar er skapa þjóðfélag sem veitir öllu okkar fólki öryggi, einnig hernum.“

Daw Aung San Suu Kyi

A

„Vei, þennan dapra söng sálar minnar sendi ég þeim sem hjálpa föngum. Þessar tilfinningar á þessum myrka tíma – ég mun aldrei gleyma hryllilegum misþyrmingunum. Megi þetta fangelsiskvalræði sem ég nú líð aldrei verða lagt á neina skyni borna veru.“

Ngawang Sangdrol

B

Fædd/ur 1945 í Burma, barn þjóðhetju sem var tekin af lífi í baráttunni fyrir sjálfstæði og frelsi undan yfirráðum nýlenduhera. Varð vinsæll forystumaður í baráttunni fyrir lýðræði og á móti

B

er Búddamunkur/nunna sem vill að Tíbet verði óháð Kína og var fyrst handtekin/n tíu ára að aldri af kínverskum yfirvöldum. Eina afbrot hans/hennar var að hafa tekið þátt í

C

hrottafenginni herstjórn og lét næstum lífið þegar herflokkur var skipað að beina rifflum sínum að honum/henni. Var hafður/höfð í stofufangelsi í sex ár, án þess að vera ákærð/ur fyrir nokkurn glæp, í fullkominni einangrun frá umheiminum. Þegar honum/henni var sleppt

C

friðsamlegri kröfugöngu fyrir sjálfstæði Tíbet. Var handtekin/n aftur 15 ára og dæmd/ur í þriggja ára fangelsi. Dómurinn var fyrst framlengdur vegna þess að hann/hún söng frelsissöng í fangelsinu og aftur um átta ár því að hann/hún

D

kom ríkisstjórnin meira að segja í veg fyrir að hann/hún fengi að hitta maka sinn sem lá fyrir dauðanum. Árið 2001 var hann/hún enn neydd/ur til að halda sig á heimili sínu sem strangt eftirlit var með og ekki var með síma-samband.

D

hrópaði „Frjálst Tíbet“ þar sem hann/hún stóð í rigningunni í fangelsisgarðinum. Nú stríðir hann/hún við nýrnaskemmdir vegna illrar meðferðar sem hann/hún hefur mátt þola.



© Tibet Information Network